

að bæta hefði mátt úr gallanum með ódýrari hætti eða þá á grundvelli svipaðra sjónarmiða og fram koma í 37. gr. l. 20/1954.

Í lögum nr. 85/1936 eru í 136.-144. grein ákvæði um dómkvaðningu sérfróðra óvilhallra manna til þess að framkvæma mat og skoðun. Með þessum ákvæðum er aðiljum einkamáls opnuð leið til sérstakrar vandaðrar sönnunarfærslu um atriði, sem ella væri torvelt að afla traustra gagna um. Með þessum ákvæðum er ein af grunnreglum réttarfars, andmælaireglan, í heiðri höfð, mat dómarans tekur þá fyrst við, þegar svo traustur grundvöllur máls hefur verið lagður sem kostur er og þegar aðiljar hafa fengið tækifæri til að gagnrýna hvor annars sönnunargögn. Þessa grunnreglu réttarfars og ákvæði einkamálalaga um mat og skoðun hefur stefnandi leitast við að sniðganga. Mál þetta er þannig frá stefnanda hendi vanreifað og málatilbúnaður eigi í samræmi við góða dómsmálavenju og réttarfarslög. Ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Ekki þykja, eins og í pottinn er búið af stefnda hálfu, efni til þess að dæma honum málskostnað

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 15. febrúar 1985.

Nr. 218/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

William James Scobie

(Jón Oddsson hrl.)

Ingvari Heiðari Þórðarsyni og

(Örn Clausen hrl.)

Griffith David Scobie

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Rán. Ólögmat nauðung. Þjófnaður. Nytjastuldur. Hilming. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1984 til þyngingar að því er varðar alla hina ákærðu. Málinu er að því er ákærða William James varðar áfrýjað samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974, en ákærði Griffith David Scobie hafði óskað áfrýjunar fyrir sitt leyti. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 3. f.m.

Ákærði William James Scobie.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um ákærulið I, en innbrot það, sem hér um ræðir, framdi ákærði síðla aðfaranætur föstudagsins 17. febrúar 1984, en ekki fimmtudagsnóttina 16. febrúar, svo sem í ákæru segir.

Ákærði William James beitti Örn Reyni Pétursson ofbeldi og ógnaði honum með hlaðinni byssu og neyddi hann þannig til þess að aka með sig á afvikinn stað og afhenda sér þar stjórn bifreiðar sinnar. Þykir þetta atferli varða við 225. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og verður því ákvæði beitt með heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, þótt þess sé ekki getið í ákæru, enda var málflytjendum fyrir Hæstarétti gefinn kostur á að flytja málið með það í huga.

Með því að nota bifreiðina í heimildarleysi, eftir að hann hafði náð umráðum hennar, hefur ákærði William James unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um ákærulið III að því er varðar ákærða William James. Þykir lokaákvæði 252. gr. almennra hegningarlaga eiga við um brot ákærða.

Ákærði Ingvar Heiðar Þórðarson.

Svo sem í héraðsdómi greinir, sammæltust ákærðu William James og Ingvar Heiðar um peningaránið svo og um töku á bifreið, sem nota átti í sambandi við það. Þeir höfðu rætt um það í einstökum atriðum, með hvaða hætti brotin skyldu framin, og var Ingvari Heiðari því ljóst, að William James hugðist nota hlaðna byssu til

þess að ógna leigubifreiðastjóra og ná þannig umráðum bifreiðarinnar og einnig til þess að ógna starfsmönnum vinnubúðarinnar og ræna þá. Ingvar Heiðar liðsinnti William James í verki, svo sem fram kemur í héraðsdómi, og fékk síðan í sinn hlut nokkurn hluta ránsfengsins, eins og fyrirfram var ráðgert. Hefur hann þannig átt þátt í brotum þeim, sem um ræðir í II. og III. ákærulið, og ber samkvæmt 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga að refsa honum samkvæmt sömu ákvæðum og William James, þ.e. 225. gr., 1. mgr. 259. gr. og 252. gr. hegningarlaganna.

Ákærði Griffith David Scobie.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði Griffith David hafi brotið gegn 254. gr. almennra hegningarlaga með því að aðstoða William James við varðveislu ránsfengsins og með því að taka við hluta af honum og nota til gjaldeyriskaupa.

Viðurlög.

Með skírskotun til raka héraðsdóms og með hliðsjón af 4. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga svo og 77. gr. sömu laga ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um refsingu ákærða William James og um frádrátt gæsluvarðhalds frá refsingu, en auk þess ber að ákveða að gæsluvarðhaldsvist, sem hann hefur sætt, síðan héraðsdómur gekk, skuli dregin frá refsingunni.

Refsing ákærða Ingvars Heiðars þykir með hliðsjón af atriðum þeim, sem í héraðsdómi greinir, svo og 4. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga og 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Frá refsingu skal draga gæsluvarðhaldsvist hans, eins og ákveðið er í héraðsdómi.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um refsingu ákærða Griffith David Scobie og um frádrátt gæsluvarðhalds, ef til fullnustu refsingar kemur.

Skaðabætur.

Eigi hefur þess verið óskað, að bótakröfur Vesturrastar h/f og Arnar Reynis Péturssonar verði teknar til meðferðar, og koma þær því ekki til úrlausnar í máli þessu, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákærðu allra hefur þess verið krafist, að bótakröfum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins verði vísað frá dómi. Af hálfu Ingvars Heiðars er til vara krafist sýknu af kröfunum og til þrautavara að hann verði einungis dæmdur til greiðslu vaxta af 66.718,50 krónum frá 17. febrúar til 9. maí 1984 og af 56.718,50 krónum frá þeim degi til 24. maí 1984. Af hálfu Griffith David Scobie er þess krafist til vara, að hann verði sýknaður af kröfunum.

Af hálfu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er því haldið fram, að í peningatöskum þeim, sem William James rændi, hafi verið 1.470.402,00 krónur í peningum og 368.732,00 krónur í tékkum. Ákærði William James, er taldi peningana, hefur skýrt svo frá, að um hafi verið að ræða rúmlega 1.400.000,00 krónur í peningum og á fjórða hundrað þúsund króna í tékkum. Þykir eigi varhugavert að telja sannað, að ránsfengurinn hafi numið þeirri fjárhæð, sem krafan er miðuð við. Verða frávísunarkröfurnar eigi teknar til greina.

Ákærðu William James og Ingvar Heiðar stóðu sameiginlega að ráninu og bera óskipta ábyrgð á tjóni, er af því hlaust. Þegar litið er til afskipta Griffith David af vörslu og meðferð ránsfengsins, verður hann einnig að teljast ábyrgur fyrir því tjóni. Ber þannig að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærðu verði dæmdir in solidum til þess að greiða Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 185.467,50 krónur ásamt vöxtum. Þar sem vaxtafótur er eigi tilgreindur í kröfugerð, verða vextir ákveðnir jafnháir vöxtum af almennum sparisjóðsbókum, svo sem þeir eru ákveðnir á hverjum tíma í auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um kröfu þá, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins gerði vegna tjóns á bifreið Pálma Einarssonar.

Málkostnaður o.fl.

Ákvörðun héraðsdóms um greiðslu málsvagnarlauna á að vera óröskuð. Um annan sakarkostnað í héraði, þar á meðal saksóknarlaun, 40.000,00 krónur, fari svo, að ákærðu allir greiði 1/6 hluta hans in solidum, en 5/6 hluta greiði ákærðu William James og Ingvar Heiðar óskipt.

Ákærðu verða dæmdir til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þannig að hver þeirra greiði málsvarnarlaun verjanda síns, en af öðrum kostnaði, þar á meðal saksóknarlaunum í ríkissjóð, greiði ákærðu allir óskipt 1/6 hluta en 5/6 hluta greiði ákærðu William James og Ingvar Heiðar in solidum, allt svo sem nánar greinir í dómsorði.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, voru að tilhlutan verjanda ákærða William James, Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur héraðsdómslögmanns, yfirheyrð ýmis vitni, sem ekki höfðu neitt um sakarefnið að segja, og skiptu skýrslur þeirra engu máli. Var ósk verjandans um vitnaleiðslu þessa tilefnislaus. Að því leyti sem skýrslur vitna þessara eru skráðar í sakadómsbók virðist vera um að ræða frásögn verjandans á efni skýrslunnar, en ekki bókun á svörum vitna að fyrirsögn dómara, svo sem rétt hefði verið.

D ó m s o r ð :

Ákærði William James Scobie sæti fangelsi 5 ár. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist hans síðan 25. febrúar 1984 með fullri dagatölu.

Ákærði Ingvar Heiðar Þórðarson sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Frá refsingu skal draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 27. febrúar til 28. mars 1984 með fullri dagatölu.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Griffith David Scobie og frádrátt gæsluvarðhalds, ef til fullnustu kemur, eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði allir in solidum Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 185.647,50 krónur ásamt vöxtum af 252.366,00 krónum frá 17. febrúar til 9. maí 1984, af 242.366,00 krónum frá þeim degi til 24. maí og af 185.647,50 krónum frá þeim degi til greiðsludags, og skulu vextir jafnháir vöxtum af almennum sparisjóðsbókum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma. Ákærðu William James og Ingvar Heiðar greiði sama kröfuhafa in solidum 7.133,00 krónur.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málsvarnarlauna í héraði

skulu vera óröskuð. Af öðrum sakarkostnaði í héraði, þar á meðal málssóknarlaunum í ríkissjóð, 40.000,00 krónum, greiði ákærðu allir in solidum 1/6 hluta, en ákærðu William James og Ingvar Heiðar in solidum 5/6 hluta.

Ákærði William James Scobie greiði málsvagnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur, ákærði Ingvar Heiðar Þórðarson málsvagnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur, og ákærði Griffith David málsvagnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur. Af öðrum áfrýjunarkostnaði, þar á meðal saksóknarlaunum í ríkissjóð, 40.000,00 krónum, greiði ákærðu allir in solidum 1/6 hluta, en ákærðu William James og Ingvar Heiðar in solidum 5/6 hluta.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómenda um annað en vexti af skaðabótafé, sem ákærðu er gert að greiða Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Tel ég, að í stað kafla þess, er hefst á orðunum: „Ákærðu William James og Ingvar Heiðar stóðu sameiginlega að ráninu ...“ og endar við næstu greinaskil á orðunum: „...sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961“, eigi að koma:

Ákærðu William James og Ingvar Heiðar stóðu sameiginlega að ráninu og bera óskipta ábyrgð á tjóni, er af því hlaut. Þegar litið er til afskipta Griffith David af vörslu og meðferð ránsfengsins verður hann einnig að teljast ábyrgur fyrir því tjóni. Ber þannig að staðfesta niðurstöðu sakadóms um skaðabætur úr hendi ákærðu til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins vegna þess ránsfjár, sem ekki hefur til skila komið, þó þannig, að í stað dómvaxta, sem ekki var krafist, reiknast af bótafé þessu dráttarvextir samkvæmt IV. kafla 2. tl. b) í auglýsingum Seðlabanka Íslands, birtum 21. janúar, 11. maí, 10. ágúst og 28. desember 1984. Verða ákærðu samkvæmt þessu dæmdir til að greiða óskipt 185.647,50 krónur með 19% árs-

vöxtum af 252.366,00 krónum frá 17. febrúar 1984 til 9. maí s.á., af 242.366,00 krónum frá þeim degi til 24. maí s.á., en af 185.647,50 krónum frá þeim degi til 31. desember 1984, og af þeirri fjárhæð með hæstu innlánsvöxtum af sparireikningum með 12 mánaða uppsagnarfresti frá 1. janúar 1985 til greiðsludags.

Dómsorð meiri hluta dómenda tel ég, að ætti að breytast til samræmis við framanritað, en að öðru leyti er ég samþykkur því.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, er tekur til sakarmats á þætti ákærða Griffith David Scobie í máli þessu og úrlausninni á skaðabótaábyrgð hans.

Ákærði Griffith David flækist í mál þetta af algerri tilviljun, er hann kemst að því, að sonur hans, ákærði William James Scobie, hafði ratað í þá ógæfu að fremja þá glæpi, sem hér er ákært út af. Ég lít svo á, að aðstoð hans við ákærða William James við varðveislu ránfengsins hafi ekki, eins og á stóð, verið brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga, heldur varði það athæfi hans við 112. gr., 2. mgr., nefndra laga. Samkvæmt 3. mgr. sömu lagagreinar var það hins vegar refsilaust vegna skyldleika hans við William James.

Á hinn bóginn var hagnýting Griffith David á hluta af ránsfengnum til gjaldeyriskaupa brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga, enda þótt það sé lagt til grundvallar, að hann hafi gert það í þágu sonar síns William James. Þetta fé hefur þegar verið endurgreitt. Ákærði Griffith David hefur með atferli sínu ekki bakað sér frekari skaðabótaskyldu á því tjóni, er af ráninu hlaust, enda átti hann engan þátt í skipulagningu þess eða framkvæmd.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. júní 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 27. júní, var á dómþingi Sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík, af sakadómurunum Ármanni Kristinssyni, Jóni A. Ólafssyni og Jóni Erlendssyni, kveðinn upp dómur í máli nr. 412-414/1984: Ákærvaldið gegn William James Scobie, Ingvari Heiðari Þórðarsyni og Griffith David Scobie, sem tekið var til dóms hinn 23. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 27. mars 1984,

gegn ákærðum, „1. William James Scobie, Barmahlíð 35, Reykjavík, fæddum 27. apríl 1962 í Reykjavík, 2. Ingvari Heiðari Þórðarsyni, banka-starfsmanni, Heiðvangi 4, Hafnarfirði, fæddum 9. mars 1964 í Kópavogi, og 3. Griffith David Scobie, heildsala, Barmahlíð 35, Reykjavík, fæddum 5. mars 1926 í New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

I. Þjófnaður.

Ákærða William James Scobie einum er gefið að sök að hafa, fimmtu-dagsnóttina (sic) 16. febrúar 1984, brotist inn í verslunina Vesturröst, Laugavegi 178, Reykjavík, og stolið þar haglabyssu af gerðinni Winchester Model 1400 MK II og einum pakka af haglaskotum nr. 12 í byssuna.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Rán.

Ákærðu William James Scobie og Ingvari Heiðari Þórðarsyni er gefið að sök að hafa í sameiningu og eftir fyrirfram gerðri áætlun staðið að ráni á leigubifreið föstudagskvöldið 17. febrúar 1984, um kl. 19:30, *ákærði Ingvar Heiðar* með því að aka meðákærða William James í nágrenni við Hótel Sögu í Reykjavík, þar sem hinn síðarnefndi yfirgaf bifreiðina klæddur dulargervi og vopnaður hlaðinni haglabyssu, sem hann hafði sagað framan af, sbr. kafla I hér að framan, og *ákærði William James* með því að taka þar leigubifreiðina R-320, setjast í aftursæti hennar og biðja um akstur að Hótel Loftleiðum, en síðan, eftir að komið var langleiðina að Hótel Loftleiðum, að ráðast að bifreiðarstjóranum, Erni Reyni Péturssyni, Kambsvegi 1, Reykjavík, grípa hann hálstaki og jafnframt beina byssunni að höfði hans og hóta að hleypa af henni og neyða þannig bifreiðarstjóran til að aka veg í áttina að Nauthólsvík, yfirgefa bifreiðina þar og afhenda kveikjúláslykil hennar. Ákærði ók síðan á brott á bifreiðinni svo sem hér á eftir verður nánar rakið.

Framanlýst háttsemi beggja ákærðu telst *aðallega* varða við 252. gr. almennra hegningarlaga, en *til vara* telst atferli ákærða William James varða við 233. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20, 1956, og atferli ákærða Ingvars Heiðars við sömu refsíákvæði, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

III. Rán.

Ákærðu William James Scobie og Ingvari Heiðari Þórðarsyni er gefið að sök að hafa í beinu framhaldi af ráni því, sem greinir í II. kafla hér að framan, í sameiningu og eftir fyrirfram gerðri áætlun staðið að ráni á kr. 1.839.134.-, sem tveir af starfsmönnum áfengisverslunarinnar við

Lindargötu í Reykjavík voru að flytja, laust fyrir kl. 20:00, í næturgeymslu Landsbanka Íslands að Laugavegi 77 í Reykjavík, *ákærði William James* með því að aka, í beinu framhaldi af ránsbroti því, sem greinir í II. kafla hér að framan, rakleiðis að Laugavegi 77 og leggja bifreiðinni á bifreiðastæði bak við húsið og biða þar fyrrgreindra starfsmanna áfengisverslunarinnar og ráðast síðan að öðrum þeirra, Konráði Konráðssyni, Fannborg 3, Kópavogi, þá er hann bjó sig til að setja peningana, sem komið var fyrir í fjórum þar til gerðum töskum og plastpoka, í næturhólf, og miða á hann hlaðinni haglabyssunni og hafa uppi hótanir um að hleypa af og því til áréttingar að skjóta einu skoti í bifreið þá, sem mennirnir voru á, og slá síðan til Konráðs með byssunni og jafnframt að hleypa af öðru skoti og neyða Konráð til að láta lausan pokann með peningunum, sem ákærði þá greip með sér og ók á brott á bifreiðinni R-320 sem leið liggur að Brautarholti 2, þar sem ákærði yfirgaf bifreiðina og fór yfir í bifreið sem meðákærði Ingvar Heiðar beið þar með, eftir að hafa sótt einn peningapokann, sem ákærði William James hafði misst, að bankanum. Ákærðu óku síðan út á Kársnes í Kópavogi, þar sem þeir losuðu sig við byssuna og skotfærin, og síðan að Barmahlíð 35, þar sem ákærði William James fór úr bifreiðinni og tók með sér pokann með peningunum. Ákærðu skiptu peningunum á þann veg, að ákærði Ingvar Heiðar fékk í sinn hlut kr. 360.000.-.

Framanlýst atferli beggja ákærðu telst varða við 252. gr. almennra hegningarlaga, en hlutur ákærða Ingvars Heiðars *til vara* við sama refsíákvæði, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Hilming.

Ákærða Griffith David Scobie er gefið að sök að hafa, eftir að hafa fengið fulla vitneskju um ránsbrotin þegar við komu sonar hans, ákærða William James, að Barmahlíð 35, sbr. kafla III hér að framan, og eftir að hafa séð verðmæti þau, sem aflað var með ránsbrotinu, í fórum ákærða William James veitt atbeina sinn til að fela peningana á heimili sínu og seinna tekið þátt í því að flytja hlut meðákærða Ingvars Heiðars, sbr. kafla III, til Hafnarfjarðar, og loks hagnýtt sér hluta af peningunum til gjaldryriskaupa eða allt að kr. 30.000.-.

Með framanlýstu athæfi sínu telst ákærði Griffith David Scobie hafa gerst sekur um hilmingu samkvæmt 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga.

V. Dómkröfur.

Þess er krafist, að allir ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik eru svofelld:

Föstudaginn 17. febrúar 1984, klukkan 07:08, var lögregla kvödd að versluninni Vesturröst, Laugavegi 178 hér í borg. Í ljós kom, að brotist hafði verið inn í verslunina, og saknaði eigandi hennar Winchester-haglabyssu og 25 skota pakka.

Ákærður William James Scobie hefur skýlaust játað, að hann hafi aðfaranótt föstudagsins 17. febrúar 1984 á tímabilinu frá kl. 05:00 til 06:00 brotið rúðu í útihurð verslunarinnar með hamri, sem hann var með í fórum sínum, og heimildarlaust og í auðgunarskyni slegið eign sinni á haglabyssu og einn pakka af haglaskotum.

Með eigin játningu ákærðs William James, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Af hálfu fyrirtækisins hefur verið krafist skaðabóta fyrir byssuna og vegna skemmda á hurð, samtals að fjárhæð kr. 26.443,55. Ákærður William James hefur samþykkt kröfuna, og verður hann dæmdur til greiðslu hennar.

Föstudaginn 17. febrúar 1984, klukkan 19:50, barst lögreglu vitneskja um, að vopnaður maður hefði með ofbeldi tekið leigubifreiðina R-320 af ökumanni í grennd við Hótel Loftleiðir hér í borg og ekið henni á brott. Bifreiðin fannst klukkan 21:30 um kvöldið mannlaus og óskemmd, á bak við húsið Brautarholt 2. Fingrafara var leitað í bifreiðinni og sporhundur fenginn til að rekja hugsanlega slóð frá henni. Ráðstafanir þessar báru ekki árangur.

Pennan sama föstudag, klukkan 19:56, hringdi húsvörðurinn að Laugavegi 77 hér í borg til lögreglu og skýrði frá því, að vopnað rán hefði verið framið þar fyrir utan. Í ljós kom, að teknar höfðu verið krónur 1.839.134,00 af tveim starfsmönnum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Þeir voru á leið með peninga þessa í næturhólf Landsbanka Íslands, sem þarna er til húsa. Við peningatökuna hafði verið beitt haglabyssu, tvö skot hlaupið úr henni, og fannst eitt tæmt skothylki á gangstéttinni fyrir framan bankann.

Miðvikudaginn 22. febrúar 1984 gaf maður að nafni Edward Jóhannes Westlund sig fram við lögreglu og kvað ákærðan William James Scobie hafa verið að spyrjast fyrir um fjármál vínútsölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins við Lindargötu.

Nánar hefur vitnið Edward Jóhannes Westlund gjaldkeri, Túngötu 33, Reykjavík, skýrt svo frá hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að það hafi starfað sem afgreiðslumaður við nefnda áfengisútsölu frá 17. ágúst 1982 til 1. september 1983, en frá þeim tíma verið gjaldkeri við Verslunarbanka Íslands h.f., aðalbanka. Þangað hefði ákærður William James komið í

desembermánuði 1983 og boðið vitninu erlendan bjór af Keflavíkurflugvelli, en ekki varð úr viðskiptum. Þeir vitnið höfðu kynnst nokkuð um borð í m.s. Eddu þá um sumarið.

Ákærður William James kom aftur í bankann til vitnisins um miðjan janúarmánuð 1984. Hóf hann þá að inna vitnið í þaula eftir, hvernig flutningi peninga fyrrnefndrar áfengisútsölu væri háttað. Að ósk ákærðs Williams James skýrði vitnið honum frá því, að eftir uppgjör væri farið með innkomna dagsölu í einum eða tveimur hvítum plastpokum í Landsbanka Íslands að Laugavegi 77. Flutninga þá önnuðust tveir eða fleiri starfsmenn og færu þeir á eigin bifreiðum. Ákærður William James vildi einungis vita, um hversu háa fjárhæð væri að ræða á föstudögum. Þá er vitnið kvað það vera 1.3 til 2 milljónir króna, sagði hann: „Vá, ég hélt að þetta væri svona 80-90 þúsund“. Ákærður William James bauðst til þess að greiða 20-30 þúsund krónur fyrir upplýsingarnar, en því hafnaði vitnið. Að sögn vitnisins hafði ákærður William James beinlínis á orði, að hann hygðist reyna að ræna peningum vínverslunarinnar, þegar verið væri að fara með þá í bankann. Hann kvaðst vera mjög fjárvana og ræddi í því sambandi eiturfjakaup frá Bandaríkjunum.

Vitnið var í boði fyrrum samstarfsmanns í vínbúðinni og konu hans, þegar það frétti um ránið við Landsbankann að kvöldi sama dags og það var framið. Kvaðst vitninu hafa brugðið heiftarlega, orðið hugsað til samtala þeirra ákærðs Williams James og sagt gestgjöfum sínum frá þeim. Vitnin Elísabet Kvaran og Helgi Hallgrímsson, Lokastíg 20 A, Reykjavík, hafa staðfest þennan framburð vitnisins Edwards Jóhannesar.

Rannsóknarlögregla ríkisins ákvað að fylgjast með ferðum ákærðs Williams James, og hófst eftirlitið klukkan 22:00 miðvikudaginn 22. febrúar 1984. Ákærður William James ók tvívegis að húsinu Brautarholti 2 og sást á tali við mann nokkurn, „sem þekktur er af fíkniefnamisferli og hefur komið við sögu hjá RLR vegna þjófnaðarmála“. Eftirliti lauk næsta dag á Keflavíkurflugvelli, klukkan um 16:00, þar sem ákærður William James var handtekinn ásamt föður sínum, ákærðum Griffith David Scobie, og bróður, Richard Scobie, en þeir voru þá allir á förum með flugvél til Bandaríkjanna. Þeir feðgar, sem eru bandarískir ríkisborgarar, voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald daginn eftir. Richard Scobie var leystur úr haldi hinn 29. sama mánaðar, ákærður Griffith David hinn 1. mars 1984, en ákærður William James sætir enn gæslu.

Ákærður William James var fyrst yfirheyrdur af rannsóknarlögreglu hinn 23. febrúar 1984. Neitaði hann þá öllum sakargiftum og kvaðst hafa verið heima hjá foreldrum sínum og bróður á þeim tíma, sem ránið var framið, og staðfestu þau það. Bandaríkjaforin hefði verið ákveðin með 2-3 daga fyrirvara og í því skyni farin að sitja giftingarveislu skyldmennis. Faðir hans

auk þess verið „að hringja til þess að athuga með atvinnu eða „bisnes“ fyrir sjálfan sig.“ Ákærður William James kvaðst hafa fengið fargjaldið að láni og enga íslenska peninga verið með við brottför, en faðir sinn gefið sér 44 dollara um morguninn og það átt að vera allur eyðslueyrir hans í Bandaríkjunum. Hann neitaði að kannast við gjaldkera, sem ynni í Verslunarbanka Íslands.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þrem dögum síðar hélt ákærður William James fyrst í stað fram sakleysi sínu og vildi ekki kannast við kynni sín af vitninu Edward Jóhannesi Westlund. Eftir röskra tveggja klukkustunda skýrslutöku snéri hann hins vegar við blaði og viðurkenndi, að hann hefði farið í Verslunarbankann á vit vitnisins Edwards Jóhannesar, sem hann hefði kynnst um borð í m.s. Eddu og vissi, að starfað hefði í vínútsölunni við Lindargötu. Ákærður William James spurðist náið fyrir um flutning á peningum verslunarinnar. Vitnið veitti honum vitneskju um, á hvaða tímum og hvernig fjármunirnir væru fluttir, hvar þeir væru lagðir inn og hversu mikil dagsalan væri á föstudögum. Ákærður William James kvaðst hafa imprað á því, að hann hygðist ræna peningunum frá mönnum þeim, sem flyttu þá í bankann. Einnig sagði hann vitninu, að hann ætlaði að kaupa fikniefni. Það hafi þó ekki verið sannleikanum samkvæmt, en hins vegar hafi fyrir honum vakað að hjálpa fjölskyldu sinni, unnustu og fjölskyldu hennar, sem átt hafi við fjárhagslega örðugleika að etja.

Ákærður William James kvaðst hafa fastráðið að ræna fé vínverslunarinnar við Lindargötu og tekið þá ákvörðun annaðhvort 1. eða 2. febrúar 1984. Til undirbúnings því hafi hann lagt leið sína í sundlaugarnar í Laugar- dal og á Landakotsspítala og tekið að ófrjálsu á stöðum þessum stígvél, frakka og loðhúfu. Ekki hefur verið ákært sérstaklega fyrir háttsemi þessa.

Ákærður William James sagðist hafa farið í fatnað þennan föstudaginn 10. febrúar 1984, sett inn á sig púða og á ýmsan annan hátt breytt útliti sínu, enda verið „mjög góður í að dulbúast.“ Beindi hann síðan för sinni að Laugavegi 77 og fylgdist þar með því, þegar starfsmenn vinnubúðarinnar við Lindargötu komu með peningana og settu þá í geymsluhólf, en þá þekkti hann af lýsingu vitnisins Edwards Jóhannesar.

Við vettvangskönnun þessa varð ákærðum William James ljóst, að „ég gat ekki framkvæmt þetta einn með höndunum einum“. Af þeim sökum hafi hann næsta sunnudag skýrt meðákærðum Ingvari Heiðari frá áform- um sínum, en þeir höfðu starfað og ferðast saman. Ákærður William James staðhæfði, að meðákærðum Ingvari Heiðari hafi þá þegar litist vel á hug- myndir hans og það styrkt hann í að láta verða úr framkvæmdum. Þeir hafi síðan næstu daga rætt rækilega, hvernig verknaðinn skyldi fremja. Meðal annars kom til tals að „stela bíl eða ræna leigubíl“ og láta ökumann- inn „í skottið.“ Meðákærður Ingvar Heiðar hefði spurt, hvort bifreiðar-

stjórinn gæti ekki hrópað og fólk þá heyrt til hans, en að öðru leyti hafði hann engar athugasemdir fram að færa við hugrenningar ákærðs Williams James, sem einnig hafði skýrt honum frá því, að hann „ætlaði að brjótast inn í verslun til þess að stela haglabyssu“. Ákærður William James fullyrti, að hann hefði boðið meðákærðum Ingvari Heiðari að velja um, hvort hann tæki að fullu þátt í verknaðinum gegn 50% væntanlegs fengs eða hlyti 20% hans fyrir að sjá þeim fyrir bifreið, úlpu og hönskum, annast akstur, sem og hringja á tilteknum tíma í lögreglu og tilkynna um rán í Breiðholti, í því skyni að koma lögregluliðinu á villigötur. Meðákærður Ingvar Heiðar hafi endanlega gert upp hug sinn á fimmtudeginum og valið síðari kostinn.

Ákærður William James kvaðst síðdegis föstudaginn 17. febrúar 1984 hafa fengið léða járnsgö hjá grannkonu sinni, Birnu Jóhannsdóttur, og sagað bæði framan og aftan af haglabyssu þeirri, sem hann hafði slegið eign sinni á í versluninni Vesturröst. Þessu næst hefði hann tekið þrjú skot, pússað þau og byssuna vel og hlaðið „magasínið“ tveim skotum, en stungið þriðja skotinu í jakkavasa sinn. Áður hefði hann kippt gikklásnum af, en hann neitaði að hafa reynt virkni byssunnar. Hann sagðist hafa vitneskju sína um byssur úr kvikmyndum, hafa lesið um þær í bókum og átt ríffil, þegar hann var í Bandaríkjunum, og notað hann til þess að skjóta í mark. Ákærður William James kvað þá meðákærðan Ingvar Heiðar hafa komið sér saman um, að aðeins eitt skot væri látið í byssuna, enda yrði hún einasta notuð til að skjóta á bifreið starfsmanna vínútsölnunnar í því skyni að hræða þá til þess að láta peningapökana af hendi. Þeir ræddu það margsinnis sín á milli, að þess yrði vandlega gætt, að enginn slasaðist. Ákærður William James gat hins vegar engar skýringar á því gefið, hvers vegna hann hlóð byssuna tveim skotum.

Eftir að ákærður William James hafði hlaðið byssuna, tók hann til við að dulbúast, meðal annars til að sýnast eldri en hann raunverulega var. Meðákærður Ingvar Heiðar kom síðan þennan sama föstudag, klukkan um 18:15, með muni þá, sem hann átti að sjá um, og ók ákærðum William James úr Unufelli, þar sem hann bjó hjá unnustu sinni, og vestur á Grandagarð, þar sem hann lauk við dulargervi sitt. Hann limdi á sig yfirvara- og hökuskegg, barta og augabrúnir, bjó til ör á hægri kinn, smurði sig lit, setti á sig gleraugu og púða til að sýnast feitur og kom fyrir bómull við tanngarða sína, sem breytti mjög útliti hans og málrómi.

Af Grandagarði var ekið að Háskólabíói, en þaðan gekk ákærður William James að leigubifreiðastaur við Birkimel. Þar var enga bifreið að fá, og fór hann því að Hótel Sögu og sté inn í vinstra aftursæti leigubifreiðarinnar R-320. Hann kvaðst hafa hagað göngulagi sínu með þeim hætti að sýnast innskeifur og lotinn. Hann bað um akstur að Hótel Loftleiðum. Á leiðinni hafi hann verið að hugsa um að hætta við áform sín, en ekki

átt fyrir ökugjaldinu og „sá þá, að ég þurfti að klára þetta verk.“ Þegar komið var á móts við Bílaleigu Loftleiða, kvaðst ákærður William James hafa tekið upp haglabyssuna, sem hann hafði hulið í tveimur plastpokum, beint henni að hnakka leigubifreiðarstjórans, gripið aftan í hálsmál hans og hótað að skjóta hann, færi hann ekki að fyrirmælum hans. Ákærður William James staðhæfði, að öryggið hefði verið á byssunni. Jafnframt hafi hann skipað bifreiðarstjóranum að slökkva á talstöð og útvarpi og lagt fyrir hann að aka í átt að Nauthólsvík. Eftir að leigubifreiðarstjórinn hafði ekið skamman spöl, skipaði hann honum að nema staðar, rétta sér lyklana og fara út úr bifreiðinni. Ökumaður hlýddi tafarlaust, hljóp í brott frá bifreiðinni í átt að Hótel Loftleiðum, og sinnti í engu kalli um að koma til baka.

Ákærður William James kvaðst síðan hafa sest við stýri bifreiðarinnar og ekið henni sem leið liggur inn á bifreiðastæði á bak við Landsbanka Íslands að Laugavegi 77, og skilið hana þar eftir í gangi. Hann hafi farið upp tröppur vestanvert við bankann, tekið með sér haglabyssuna, beðið skammt frá biðstöð strætisvagna í um 5-10 mínútur eftir starfsmönnum vínútsölnunnar og enn dottið í hug að hætta við fyrirætlanir sínar og hlaupa á brott, en þá verið (sic) hugsað til fjölskyldu sinnar, sem var í fjárþörf.

Ákærður William James kvaðst hafa orðið þess áskynja, að bifreið vínútsölnunnar var komin á staðinn og samtímis séð mann með hvítan plastpoka við bankahólfið, sem bjó sig undir að opna það. Hann tók þá plastpokann utan af byssunni, hljóp að manninum og kallaði upp, að hann vildi fá peningana í hendur. Ákærður William James tók fram, að hlaup byssunnar hafi beinst upp í loftið og hann aldrei miðað henni á manninn. Til áréttingar orðum sínum kvaðst ákærður William James hafa snúið sér að bifreiðinni og búið sig undir að hleypa af skoti á hana, en þá komist að raun um, að öryggi var á og skot ekki í skotstöðu. Hann tók öryggið af og setti skot í skotstöðu, en til þess þurfti hann að toga í pinna ofan á byssunni. Hann hleypti síðan umsvifalaust skoti í dekk bifreiðarinnar. Á meðan hafði maðurinn með peningana reynt að hlaupa á brott, hann þá slegið til hans með byssunni, maðurinn borið höndina fyrir sig, byssan lent í handlegg hans og við það hafi skot hlaupið úr henni upp í loftið. Ákærður William James sagðist ekki muna, hvort hann hafi haft fingurna á gikknem eða ekki, þá er hann sló til mannsins. Maðurinn hafi hrasað og misst plastpokann og við það hafi peningatöskurnar oltið úr honum. Ákærður William James kvaðst hafa komið þeim aftur fyrir í plastpokanum að einum undanskildum, sem hann hélt á í hendi sér, en glutrað honum niður, þegar hann var að hlaupa um tröppurnar að bifreiðinni.

Frá bankanum ók ákærður William James leigubifreiðinni að Brautarholti 2 og fór með peningapokana og byssuna yfir í bifreið þá, sem með-

ákærður Ingvar Heiðar hafði fengið að láni og lagt þar skammt frá, svo sem um hafði verið talað. Hann hafði fataskipti, tók af sér gervið og þvoði sér með röku handklæði, sem hann hafði haft með sér. Jafnframt hlóð hann byssuna einu skoti, en engar skýringar gat hann á því gefið, í hvaða skyni það var gjört. Meðákærður Ingvar Heiðar kom skömmu síðar. Hann kvaðst hafa farið niður á Laugaveg „til þess að sjá ránið,“ fundið peningapoka, tekið hann og falið við verslun í næstu götu. Þangað fóru þeir félagar og sóttu pokann. Síðan var ekið yst út á Kársnes og byssu og skotfærum sökkt í sæ. Loks var haldið að Barmahlíð 35, þangað sem ákærður William James fór með peningana, en meðákærður Ingvar Heiðar hvarf á braut.

Fljótlega eftir að heim kom, kvaðst ákærður William James hafa sagt föður sínum, meðákærdum Griffith David Scobie, hvað gerst hefði, hann brugðist reiður við, en orðið mjög um og sagt syni sínum að setja peningana í skáp frammi á gangi og fara síðan, því að hann hygðist íhuga málið nánar. Skömmu síðar fór hann í Unufell til unnustu sinnar.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 26. febrúar 1984 staðhæfði ákærður William James, að foreldrar hans hefðu báðir verið við opnun peningapokanna, sem höfðu að geyma rösklega 1.400.000 króna í reiðufé og á 400.000 króna í ávisunum. Hann kvaðst hafa brennt ávisanirnar og skolað þeim niður um salerni, en boðið föður sínum að taka af peningunum, svo sem hann þyrfti. Ákærður William James taldi, að faðir sinn hefði tekið 20.000 krónur og skipt í dollara, en fénu síðan verið komið til geymslu inni í eldhússkáp að Barmahlíð 35.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu tveim dögum síðar taldi ákærður William James hins vegar, að þeir fedgar hefðu verið einir, þá er peningapokarnir voru opnaðir.

Fyrir dómi fullyrti ákærður William James, að hann hefði einn talið peningana daginn eftir töku þeirra. Hann vildi ekki draga í efa fjárhæð þá, sem greind væri í ákæru, þótt hann hefði ekki talið peningana nákvæmlega eða orðið var við, að miði eða uppgjör fylgdi þeim. Ákærður William James kvað föður sinn ekki hafa talið peningana, svo að hann vissi til, en hins vegar hefði hann séð þá, eftir að þeir voru teknir úr pokunum. Ákærður William James kannaðist við, að hann hefði boðið föður sínum að nýta féð að vild, en hann ekki það. Hins vegar hafi faðir hans fengið 50.000 krónur til kaupa á gjaldeyri fyrir ákærðan William James, þótt enginn gjaldeyrir hafi í hans hendur komið að undanskildum 40 dollurum.

Ákærður William James staðhæfði, að hann hefði greitt meðákærdum Ingvari Heiðari 360.000 krónur, en hann var að agnúst yfir því að fá ekki meira en 20% af fjárhæðinni, svo sem um var samið, þar sem hann hefði hirt peningapokann í tröppum bankans.

Ákærður William James sagði föður sinn hafa ekið sér að Þrekmiðstöð-

inni í Hafnarfirði, þar sem féð var afhent, en tók fram, að faðir hans hafi ekkert vitað um, að hann væri að gjalda meðákærðum Ingvari Heiðari peninga þessa. Samtímis hafi faðir hans ekið honum niður í fjöru í Hafnarfirði, þar sem hann losaði sig við poka þá, sem peningarnir höfðu verið í.

Dulargervi sitt kvaðst ákærður William James að nokkru hafa klippt í sundur og skolað niður um salerni, en að nokkru varpað í öskutunnu við Laugaveg.

Ákærður Ingvar Heiðar Þórðarson var handtekinn hinn 27. febrúar 1984 og samdægurs úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann sat í gæslu til 28. mars 1984.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu skýrði ákærður Ingvar svo frá sama dag og hann var handtekinn, að kunningi hans, meðákærður William James, hefði beðið sig um að koma með bifreið og frakka í Unufell og engar frekari skýringar viljað gefa, en sagst „greiða vel fyrir þessa útveg-un.“ Ákærður Ingvar Heiðar kvaðst hafa orðið við beiðni vinar síns, en brugðið mjög, er hann sá, að hann hafði dulbúist, fest á sig augabrúnir, yfirvaraskegg og hökutopp, verið með gleraugu og ör á kinn og sett á sig loðhúfu, sem náði niður fyrir eyru. Ákærður Ingvar Heiðar spurði, hvort verið væri að koma sér í eitthvert „vesen“, en meðákærður William James fullvissaði hann um, að það, „sem framundan væri, myndi ekki skaða neinn.“ Ekið var að Háskólabíói, þar sem meðákærður William James bað hann að hringja á lögreglu klukkan 19:30 og segjast vera Jón í Kron í Breiðholti og skýra frá því, að einhverjir strákar væru þar að ógna starfsfólki með hnífi, og aka síðan í Bolholt og vera kominn þangað ekki seinna en klukkan 19:50 „það væri lífs-spursmál.“ Ákærður Ingvar Heiðar lét hjá líða að hringja, en ók í Bolholtið. Hann hvarf úr bifreiðinni um stund og vafraði um nágrennið. Þegar hann kom aftur sat meðákærður William James í bifreiðinni, og var farinn úr dulargervi sínu. Hann vildi ekki ræða, hvað hann hefði haft fyrir stafni, en bað um akstur í Kópavog. Á leiðinni kvaðst ákærður Ingvar Heiðar hafa orðið var við afsagaða haglabyssu í aftursæti bifreiðarinnar, og brugðið mjög. Meðákærður William James hafði orð á, að hann hefði „rænt annaðhvort Landsbankann eða ríkið“. Byssunni var varpað í sjó ásamt kassa með skotum í, en meðákærðum William James ekið heim. Næsta þriðjudag hafi hann komið til ákærðs Ingvars Heiðars og fengið honum í hendur 60.000 krónur. Ákærður Ingvar Heiðar staðfesti framburð sinn fyrir dómi sama dag að öðru leyti en því, að hann kvað meðákærðan William James hafa greitt sér 260.000 krónur.

Við síðari yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi breytti ákærður Ingvar Heiðar framburði sínum á þann veg, að hann varð í öllu verulega samhljóða þeim framburði ákærðs Williams James, sem rakinn hefur verið hér að framan. Ákærður Ingvar Heiðar kvað þá hafa margrætt,

hvernig skyldi í einstökum atriðum staðið bæði að töku leigubifreiðarinnar og peningaráninu. Meðákærður William James hefði fullyrt, að starfsmenn vínútsölnunnar kæmu með um þrjár milljónir króna til að leggja inn í bankann eftir lokun á föstudögum og „lítið mál“ væri að krækja í peninga þessa. Hann bauð ákærðum Ingvari Heiðari helft fengsins, ynnu þeir saman að jöfnu. Ella hlyti hann 20-25%, og átti hann þá einkum að annast þann akstur, sem á þyrfti að halda, og leggja til bifreið í því skyni, og þann kostinn kaus hann sér. Hann hafi verið í fjárþröng og á förum til Svíþjóðar. Ákærðum Ingvari Heiðari var ljóst, að meðákærður William James hafði ákveðið að ógna leigubifreiðarstjóranum með byssu og setja hann í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Því kvaðst ákærður Ingvar Heiðar margoft hafa mótmælt og bent á, að bifreiðarstjórinn gæti „jafnvel kafnað“, en á það vildi félagi hans ekki fallast. Þá kom til tals, til hvaða ráða skyldi gripið, ef einhver slasaðist af völdum byssunnar. Meðákærður William James fullyrti, að hann væri alvanur að fara með byssur og því engin hættu á slíku. Hann sagðist aðeins hlaða byssuna einu skoti og hleypa því af í hjólbarða bifreiðar starfsmanna til að leggja áherslu á, að um alvöru væri að ræða.

Ákærður Ingvar Heiðar kvaðst föstudaginn 17. febrúar 1984 hafa fengið bifreið að láni hjá kunningja sínum, Magnúsi Bjarnasyni, og komið í henni klukkan um 18:00 til meðákærðs Williams James í Unufell. Hann hafði þá dulbúið, svo sem ákærður Ingvar Heiðar hefði áður lýst, og auk þess verið með eitthvað í munni sér, sem breytti mæli hans og útliti verulega. Um klukkustund síðar var ekið út á Grandagarð. Áður hafði meðákærður William James hlaðið byssuna, en ákærður Ingvar Heiðar kvaðst ekki hafa „áttað sig á hversu mörgum skotum“, og komið henni fyrir í tveim innkaupapokum. Á Grandagarði skipti meðákærður William James um fót að nokkru og fór meðal annars í úlpu, sem ákærður Ingvar Heiðar hafði komið með ásamt hönskum, sem hann hafði fest kaup á í samráði við meðákærðan William James. Frá Grandagarði var ekið að Háskólabíói. Meðákærður William James fór þar úr bifreiðinni klukkan um 19:25. Áður hafði hann ámalgað við ákærðan Ingvar Heiðar, að hann færi í símaklefa við Alþingishúsið, hringdi í lögreglu og segði, að verið væri að fremja rán í verslun í Breiðholti, í því skyni að beina lögreglu á þann stað. Ákærður Ingvar Heiðar fór að símaklefanum, en hringdi ekki. Hann ók síðan nokkuð um, þar til hann lagði bifreiðinni í grennd við Brautarholt 2, svo sem um hafði verið talað. Þaðan hljóp hann niður að Landsbankanum til þess „að reyna að stöðva William í því sem þeir félagar voru þá búnir að ákveða“. Um leið og ákærður Ingvar Heiðar fór um sund vestan við bankann, kvaðst hann hafa rekið fótinn í peningatösku og „talið að einhver hafi misst töskuna en setti hana ekki í samband við William eða athæfi

þeirra félaga“. Ákærður Ingvar Heiðar taldi ekki við hæfi, að peningarnir lægju þarna í reiðuleysi, hljóp því með töskuna upp í Stórholt og fól „í ruslahrúgu eða snjóskafli“. Að því búnu fór hann aftur að bifreiðinni. Meðákærður William James var þá kominn þangað og hafði tekið af sér dulargervið. Þeir náðu í peningapokann og óku síðan suður í Kópavog, þar sem byssu og skotfærum var fleygt í sjó. Ákærður Ingvar Heiðar kvaðst hafa farið fram á hærri hlutdeild í ránsfénu en 20%, „vegna þess að hann fann peningapokann“, og hafi meðákærður William James næsta þriðjudag fengið honum í hendur 360.000 krónur. Ákærður Ingvar Heiðar hefur að fullu endurgreitt þá fjárhæð.

Ákærður Griffith David Scobie skýrði frá því við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 23. febrúar 1984, að för þeirra feðga þá um daginn hafi verið heitið til Bandaríkjanna og þeir þar ætlað að sitja brúðkaup náins ættingja. Hann kvaðst hafa greitt fargjöld fyrir þá alla, að nokkru með víxli. Einnig keypt 1.000 dollara í banka með reiðufé, en þeim gjaldeyri ekki verið skipt þeirra á milli. Hann vissi ekki til þess, að meðákærður William James ætti eða væri með nokkurn gjaldeyri, en hafi svo verið, þá væri aðeins um nokkra dollara að ræða. Hann kvað þennan son sinn hafa verið heima í Barmahlíð föstudaginn 17. febrúar 1984, sennilega frá klukkan 19:00 til 19:30 og fram til klukkan 21:00 til 21:30, en þá hafi unnusta hans komið og sótt hann. Við yfirheyrslu í dómi hinn 24. febrúar 1984 neitaði ákærður Griffith David öllum sakargiftum.

Við skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglu fjórum dögum síðar kvað ákærður Griffith David son sinn, meðákærðan William James, hafa skýrt sér frá því að kvöldi föstudagsins 17. sama mánaðar, að hann hefði rænt peningum og notað byssu við ránið. Ákærður Griffith David sagðist hafa skipað honum á brott með féð, þar sem hann vildi ekki „hafa neitt svona“ í sinni íbúð. Þegar meðákærður William James taldi tormeiki á því, sagði hann honum að láta peningana í skáp í anddyri hússins að Barmahlíð 35. Síðar í yfirheyrslunni er eftirfarandi skráð eftir ákærðum Griffith David: „Mig minnir að það hafi verið á þriðjudeginum sem William kom og vildi fá peningana. Ég lét hann hafa töskuna með peningapokunum í og tók hann þá peningana úr pokunum og lét mig fá þá. Ég lét peningana ofan í silfurlitaðan kassa, en þetta voru allt fimmhundruðkróna seðlar, lét dagblað ofaná, límdi síðan yfir lokið. Kassann setti ég síðan inn í skáp undir eldhúsborði. William tók allar ávísanir og fór með þær fram í baðherbergi þar sem hann kveikti í þeim og skolaði síðan öskunni niður um klósetið“. Ákærður Griffith David sagðist að beiðni meðákærðs William James hafa ekið honum að líkamsræktarstöð í Hafnarfirði og hinkrað þar við eftir honum í um 20 mínútur. Ákærður Griffith David kvaðst hafa „tekið af þessum peningum“ jafnvirði 1000 Bandaríkjadala og nýtt til gjaldeyris-

kaupa í banka „og kr. 20.000 notaði ég til kaupa á gjaldeyri fyrir William“.

Ákærður Griffith David fékk rannsóknarlögreglu samdægurs í hendur 1.645 Bandaríkjadali.

Við yfirheyrslu fyrir dómi hinn 15. júní 1984 kvað ákærður Griffith David rétt vera, að hann hefði aðstoðað son sinn, meðákærðan William James, við að koma peningunum fyrir á heimili þeirra eða sagt honum að fleygja þeim inn í skáp, þar sem þeir hefðu legið í nokkra daga. Ákærður Griffith David neitaði því, að hann hefði vísvitandi flutt hluta af fénu í Hafnarfjörð til meðákærðs Ingvars Heiðars. Síðan er eftirfarandi bókað eftir ákærðum Griffith David á dómþinginu: „Ákærður kveðst hafa tekið við samtals 50.000 krónum íslenskum og keypt fyrir þá fjárhæð dollara, sem ætlaðir voru William James, syni hans. Ekki hafi hann þó látið son sinn fá peningana í hendur, þar sem hann taldi öruggara að hann hefði þá í eigin vörslu, sem og gæti hann betur gert grein fyrir þeim, yrðu þeir handteknir, en William James hafi verið atvinnulaus þá að undanfögnu. Skipaður verjandi ákærðs óskar eftir að hann verði spurður um tilgang fararinnar til Bandaríkjanna. Ákærður svarar því til, að það hafi fyrst og fremst verið til að koma William James úr landi og brúðkaupið notað sem skálkaskjól. Ákærður kveðst eiga fjölskyldu í Bandaríkjunum, og William James væri bandarískur ríkisborgari. Ákærður kveðst af viðbrögðum hér hafa talið, að William James fengi þungan dóm og vopnuð lögregla gæti, hvenær sem væri handtekið hann og hann við það hlotið meiðsl og jafnvel dauða. Aðspurður af saksóknara segir ákærður, að William James hafi ekki verið kunnugt um þessar ráðagerðir. Ákærður segist hafa ætlað að skila fénu til réttra aðila, nafnlaust, ef ráðagerðir hans hefðu tekist.“

Vitnið Örn Reynir Pétursson leigubifreiðarstjóri, Kamsvegi 1, Reykjavík, kveðst hafa setið í leigubifreiðinni R-320 fyrir framan Hótel Sögu föstudaginn 17. febrúar 1984, klukkan um 19:30, þegar maður nokkur með sérkennilegt göngulag og plastpoka í hendi kom í átt frá Birkimel og settist í aftursæti bifreiðarinnar. Maðurinn var klæddur hálfslíðri úlpu, með þrjónahúfu á höfði og bar dökkt yfirvaraskegg og hökutopp. Hann bað um akstur að Hótel Loftleiðum og kvaðst vera að flýta sér. Á móts við Slökkvistöðina hefði maðurinn skyndilega gripið með vinstri handlegg fram fyrir háls vitnisins og það um leið fundið, að eitthvað hart þrýstist að hnakka þess, rétt aftan við hægri eyra. Jafnframt fullyrti maðurinn, að hann væri með hlaðna haglabyssu og hótaði að skjóta vitnið, færi það ekki að fyrirmælum hans. Maðurinn skipaði vitninu að slökkva á útvarpi og talstöð bifreiðarinnar og aka út á afleggjara skammt frá Nauthólsvík. Þar bauð maðurinn vitninu að drepa á vél bifreiðarinnar, fá sér kveikjulasýklana og fara út úr bifreiðinni. Vitnið sagðist hafa hlýtt, en um leið gripið tækifærið og tekið til fótanna út í myrkrið, áleiðis upp Öskjuhlíðina þar

sem skýlt var af trjágróðri. Maðurinn kallaði eitthvað á eftir vitninu, en það nam ekki orðaskil. Vitnið sá manninn aka á brott í leigubifreiðinni. Það hraðaði sér sem mest það mátti að Hótel Loftleiðum og kom boðum til bifreiðastöðvar sinnar. Vitnið kvaðst hafa tekið drápshótanir mannsins, sem hann margsinnis endurtók, af fyllstu alvöru, dottið í hug, að hann væri andlega sjúkur, og að vitninu hvarflað að kasta sér út úr bifreiðinni á leiðinni, en maðurinn stöðugt haldið byssunni að hnakka þess og sagst vera með fingurna á gikknum.

Vitnið Örn Reynir hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærðs Williams James Scobie að fjárhæð krónur 6.825,00. Hann samþykkti kröfuna og verður dæmdur til að greiða hana.

Vitnið Guðjón Guðjónsson leigubifreiðarstjóri og verkstjóri, Heiðvangi 66, Hafnarfirði, sat í bifreið sinni við Hótel Sögu næst við leigubifreiðina R-320, umræddan föstudag, klukkan um 19:30 til 19:40. Vitnið veitti at-
hygli manni nokkrum, sem kom gangandi í átt frá bensinstöð við Birkimel. Maðurinn var í síðri úlpu, skeggjaður og stakk við í gangi. Hann var með einhvern hlut undir hægri hendi, sem færður var í tvo plastpoka, hvorn á móti öðrum. Maðurinn settist í aftursæti leigubifreiðarinnar R-320 beint fyrir aftan ökumann, og var leigubifreiðinni brátt ekið á brott.

Vitnið Ólafur Pétur Sveinsson leigubifreiðarstjóri, Laufbrekku 21, Kópavogi, sat sama föstudag, rétt fyrir klukkan 20:00, í bifreið sinni á Hlemmtorgi. Vitnið staðhæfði, að það hafi þá séð leigubifreiðinni R-320 ekið ljós-
lausri austur Hverfisgötu, en örfáum mínútum síðar var spurst fyrir um bifreiðina í talstöð Hreyfils.

Vitnið Olgeir Sigurðsson leigubifreiðarstjóri, Kóngsbakka 12, Reykjavík, ók á sama tíma austur Laugaveg. Á móts við hús nr. 136 við götuna var leigubifreiðinni R-320 ekið vinstra megin fram með bifreið vitnisins og svo nærri, að mjög litlu mátti muna, að árekstur yrði. Leigubifreiðinni var síðan sveigt suður Mjólnisholt, og var hún nær oltin í beygjunni, slíkur var hraði hennar.

Vitnið Hjálmar Axelsson leigubifreiðarstjóri, Flúðaseli 8, Reykjavík, hóf leit að leigubifreiðinni R-320, eftir að það heyrði lýst eftir henni í talstöð bifreiðar sinnar. Vitnið ók um sund við húsið Brautarholt 2, fann bifreiðina þar mannlausu inni í porti og lét þegar vita um fundinn.

Vitnið Konráð Konráðsson afgreiðslumaður, Fannborg 3, Kópavogi, fór föstudaginn 17. febrúar 1984, klukkan um 19:50 til 19:55, ásamt vitninu Pálma Einarssyni með dagsölu vínútsölnunnar við Lindargötu, þar sem þeir unnu báðir. Venjan var sú, að tveir starfsmenn flyttu peningana í næturhólf Landsbankans að Laugavegi 77. Þeim var komið fyrir í fjórum læstum töskum, sem stungið var í plastpoka. Í sama mund og vitnið hafði lagt plastpokann frá sér við næturhólfið og bjó sig undir að opna það, kom

maður hlaupandi, stöðvaði í um 3-4 metra fjarlægð og skipaði vitninu að láta peningana lausa. Maðurinn var með málaðan hökutopp og yfirvaraskegg. Hann hélt á einhverjum hlut, sem líktist byssu, en miðaði honum ekki beinlínis á vitnið. Hann skaut þessu næst tafarlaust og án nokkurs hiks í hægra frambretti og hjólbarða bifreiðar þeirra félaga. Vitnið sá hann ekki hreyfa við nokkrum takka ofan á byssunni, áður en hann skaut. Vitnið greip plastpokann með vinstri hendi og hljóp tvö eða þrjú skref til austurs. Þá varð það þess vart, að maðurinn hafði reitt byssuna til höggs og bar því hægri hönd fyrir höfuð sér. Engum togum skipti, að byssan skall á hægri framhandlegg vitnisins, framan við olnboga, og samtímis hljóp skot úr byssunni. Vitnið hrasaði við og missti jafnframt tak sitt á plastpokanum. Vitnið komst einhvern veginn á bak við tvær samstæðar súlur, sem þarna eru, og sá þaðan út undan sér að maðurinn tók eina peningatöskuna og setti í plastpokann, en hljóp síðan í vesturátt. Vitninu fannst atburðarrásin öll hafa staðið innan við mínútu.

Vitnið Pálmi Einarsson aðstoðarverslunarstjóri, Dvergabakka 30, Reykjavík, ók með peningana greint sinn í Volkswagen bifreið sinni, R-50393, og nam staðar á gangstéttinni beint framundan næturhólfi bankans. Vitnið sté ekki út úr bifreiðinni, en frá ökumannssæti vinstra megin fylgdist það með félaga sínum Konráði Konráðssyni ganga að næturhólfinu með peningana. Í sömu andrá varð vitnið vart við mann nokkurn, sem var með eitthvað í höndunum. Hann yrti á Konráð, en vitnið heyrði ekki, hvað hann sagði. Maðurinn snéri sér þessu næst mjög snögg að bifreiðinni, og samtímis sá vitnið glampa og heyrði háværan hvell, eins og skoti væri hleypt af byssu. Vitninu virtist Konráð ætla að taka á rás með pokann, en maðurinn hóf byssuna til höggs og sló til hans, og sá vitnið þá annan blossa og heyrði skothvell á ný. Þessu næst tók vitnið eftir Konráði á handahlaupum (sic) í átt frá manninum, sem þá var eitthvað að bjástra við plastpokann, en skokkaði síðan niður sundið, vestan við bankann. Í ljós kom, að skotið hafði verið í hægra frambretti og hjólbarða bifreiðar vitnisins.

Vitnið Sólveig Steinþórsdóttir sjúkrahjálfanemi, Miðhúsum, Innri-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu, átti leið fram með Landsbankanum við Laugaveg 77, Reykjavík, föstudaginn 17. febrúar 1984, klukkan um 19:50. Vitnið veitti athygli feitlögnum og hávöxnum manni, sem stóð við suðvesturhorn bankans. Maðurinn horfði í átt að gatnamótum Laugavegar og Barónsstígs, og hafði vitnið á tilfinningunni, að hann væri að bíða eftir einhverjum, sem væntanlegur væri úr þeirri átt. Maður þessi var með vanga- og yfirskegg. Rauð rák, lík öri, var á hægri kinn hans.

Vitnið Brynjólfur Ólason nemandi, Bugðutanga 15, Mosfellssveit, ók laust fyrir klukkan 20:00 þetta sama kvöld vestur Laugaveg. Vitnið heyrði

skothvell og sá tvo menn við bankann. Annar þeirra var með byssu. Fyrir framan bankann stóð Volkswagen bifreið.

Vitnið Kristinn Ólason bankamaður, Bugðutanga 15, Mosfellssveit, var farþegi í bifreið Brynjólfs bróður síns. Vitnið heyrði greinilegan skothvell og kom auga á mennina, byssuna og bifreiðina. Vitnið hugði, að verið væri að taka kvikmynd og veitti því, sem fram fór, ekki frekari athygli.

Vitnið Sigurður Tómas Magnússon laganemi, Grafarbakka 2, Hruna-mannahreppi, Árnessýslu, ók þetta kvöld, klukkan um 19:45, vestur Lauga-veg. Rétt áður en vitnið kom að mótum Barónsstígs og Laugavegar, heyrði það hvell, sem það taldi vera skothvell. Þegar vitnið var að aka yfir gatna-mótin, festi það sjónir á tvo menn, sem virtust vera í einhverjum stimping-um. Skömmu síðar reið af annað skot, og sá vitnið þá, að annar mannanna var með einhvers konar hólk í höndunum.

Vitnið Edda Snorradóttir skrifstofumaður, Laugavegi 82, Reykjavík, var á heimili sínu, sem er hornhús, skáhalt á móti bankanum. Vitnið heyrði tvo hvelli og sá síðan mann hlaupa niður með bankanum vestanverðum. Hann virtist innskeifur á hlaupunum. Maðurinn var með eitthvert skaft, sem vitnið hugði vera riffil. Vitninu varð að orði við dóttur sína: „Ég held það sé bara bófahasar.“ Volkswagen bifreið stóð á sama tíma beint fram undan næturhólfi bankans.

Vitnið Jón Sigurðsson bifvélavirki, Stakkholti 3, Reykjavík, var að hreinsa snjó af bifreið sinni við gatnamót Stórholtis og Þverholts föstudag þennan, klukkan um 20:15. Vitnið kom þá auga á mann nokkurn með yfir-varaskegg og teiknaðan hökutopp, sem virtist koma úr Brautarholti. Göngulag mannsins var sérkennilegt, hann stakk við, eins og hægri fótur hans væri styttri. Vitninu fannst maðurinn vera í uppnámi. Hann staldraði við, á meðan unglingar gengu yfir Stórholt, en hvarf síðan sjónum vitnisins suður Þverholt.

Vitnið Birna Jóhannsdóttir húsmóðir, Unufelli 22, Reykjavík, staðfesti, að það hefði lánað ákærðum William James járnsgög. Vitnið taldi, að þetta hefði átt sér stað miðvikudaginn 15. febrúar 1984 og hann skilað söginni samdægurs.

Vitnið Magnús Bjarnason skrifstofumaður, Heiðvangi 8, Hafnarfirði, staðfesti, að það hefði lánað kunningja sínum, ákærðum Ingvari Heiðari, bifreið sína föstudaginn 17. febrúar 1984, klukkan um 17:00. Hann skilaði bifreiðinni aftur klukkan um 21:30 sama kvöld. Ákærður Ingvar Heiðar bar því við, að hann þyrfti til Keflavíkur á vit kunningja síns, en nánar var ekki um það rætt.

Vitnið Inga Birna Steinarsdóttir bankastarfsmaður, Holtsbúð 52, Garða-kaupstað, kvað vin sinn, ákærðan Ingvar Heiðar, hafa fengið því í hendur

36.000 krónur, annaðhvort mánudaginn 20. eða þriðjudaginn 21. febrúar 1984. Daginn eftir keypti vitnið að beiðni hans erlenda mynt, sem var jafnvirði röskra 28.000 íslenskra króna, og þáði mismuninn sem gjöf frá honum. Ákærður Ingvar Heiðar hafði áður imprað á því, að hann væri á förum af landi brott. Hann lét vitninu í té ákveðið heimilisfang í Svíþjóð, en þangað skyldi erlenda fjárhæðin send.

Vitnið Einar Ólafsson, útsölustjóri Áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins við Lindargötu, til heimilis að Borgarholtsbraut 51, Kópavogi, kvað reikningsskil dagsölu fara þannig fram, að talið væri úr hverjum kassa fyrir sig og fjárhæðin borin saman við „útsláttartölu“ í kassanum. Síðan létu starfsmenn í samvinnu heildarfjárhæð dagsölu í peningum og ávísunum í þar til gerðar bankatöskur og þeim læst. Jafnframt væri í eina töskuna settur miði í þríriti, sem sýndi heildarfjárhæðina. Bankatöskunum væri komið fyrir í ógagnsæjum plastpoka og þær þannig fluttar í Landsbankann við Laugaveg 77. Ekki væri farið með peningana í bankann á ákveðnum tíma dag hvern, slíkt færi meðal annars eftir því, hversu langan tíma talningin tæki, en greint sinn hafði verið farið með féð óvenju snemma. Vitnið kvað fjárhæð þá, sem í töskunum var, vera fengna úr bókhaldi útsölnunnar, sem fært væri eftir kassavittunum, sem og skiptinguna á milli seðla og ávísana. Vitnið vissi ekki, hverjir væru útgefendur þeirra ávísana, sem ekki fengust endurgreiddar.

Vitnið Jón Kjartansson, forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, til heimilis að Háteigsvegi 44, Reykjavík, kvað almennar reglur um flutning á fjármunum fyrirtækisins í banka ekki hafa verið í gildi á umræddum tíma. Vitnið hafði þó skipað svo fyrir, að tveir menn hið minnsta önnuðust ætíð flutningana, en að öðru leyti heyrðu þeir til starfssviðs útsölustjóra á hverjum stað.

Við könnun og köfun í Kópavör fannst afsagaða haglabýssan og tíu heil haglaskot. Í ljós kom, að tæmt skothylki var í skotstæði og í „magasíni“ eitt heilt skot. Rannsóknarlögregla ríkisins reyndi virkni byssunnar. Meðal annars var henni „slegið í og á tréspjald á grjóti, bæði slegið ofan á kæli-lista (sem er ofan á hlaupi) og slegið niður þannig að hlaup snéri upp.“ Skot hljóp ekki úr byssunni við högginn, þótt gikkur væri spenntur. Sagaðir höfðu verið 43 cm framan af hlaupi byssunnar og 21 cm aftan af skefti hennar.

Vitnið Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumaður, Bjarnastaðarvör 3, Álftanesi, fullyrti, að taka þyrfti í gikkinn hverju sinni til að hleypa af skoti úr byssunni. Vitnið taldi útilokað, að skot gæti hlaupið úr henni við högg eða annað hnjask.

Vitnið Högni Einarsson rannsóknarlögreglumaður, Stórateigi 12, Mos-

fellssveit, kvað skot ekki geta hlaupið úr byssunni, án þess að tekið væri í gikkinn, nema því aðeins að hún væri biluð.

Vitnið Hafsteinn Pálsson húsasmiður, Kambaseli 85, Reykjavík, sagðist hafa átt umrædda haglabyssu frá árinu 1978. Vitnið kvað byssuna ekki hafa verið kvika, hún ekki misst úr sér skot, nema tekið væri í gikkinn. Vitnið hafði ekki trú á því, að skot hlypi úr byssunni, þótt hún, hlaðin og uppspennt, yrði fyrir hnjaski, svo sem rekin í líkama manns.

Leit fór fram í húsakynnum ákærðra Williams James og Griffith David Scobie að Barmahlíð 35, fyrst hinn 24., síðan hinn 26. og loks hinn 27. febrúar 1984. Fjármunir Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fundust þar ekki. Hinn 27. sama mánaðar var tvívegis gerð leit í húsinu Grenimel 27. Við síðari leitina fannst í geymsluherbergi á rishæð vandlega lokaður pappakassi, sveipaður plastpoka og handklæði. Hann reyndist hafa að geyma 950.000 krónur í seðlum.

Vitnið Ásta Guðbjörg Hansen Scobie húsmóðir, Barmahlíð 35, Reykjavík, skýrði frá því, að það hafi fundið mikið magn peningaseðla í kassa inni í eldhússkáp á heimili sínu. Var þetta eftir að eiginmaður vitnisins og sonur, ákærðir Griffith David og William James, voru lagðir af stað til Bandaríkjanna. Vitninu kvaðst hafa orðið mjög um fund þennan (sic) og síðar grunað, að um ránsféð væri að véla. Í huga vitnisins hafi verið að koma peningunum til réttra eigenda og því hafi það án þess að telja þá komið þeim fyrir í pappakassa, límt kassann aftur og fundið honum stað í geymsluherbergi að Grenimel 27, þar sem dóttir þess hafi verið til húsa.

Vitnin Bjarni Jóhann Bogason rannsóknarlögreglumaður, Engihjalla 3, Kópavogi, Bjarnþór Aðalsteinsson rannsóknarlögreglumaður, Stórateigi 20, Mosfellssveit, Eggert Norðdahl Bjarnason rannsóknarlögreglumaður, Hverfisgötu 90, Reykjavík, Gísli Pálsson rannsóknarlögreglumaður, Eyjabakka 6, Reykjavík, Guðmundur Guðbergsson lögregluvarðstjóri, Svalbarða 6, Hafnarfirði, Guðmundur Halldór Jónsson rannsóknarlögreglumaður, Fögrukinn 24, Hafnarfirði, Gunnleifur Kjartansson rannsóknarlögreglumaður, Þverbrekku 4, Kópavogi, Hörður Jóhannesson rannsóknarlögreglumaður, Hofteigi 12, Reykjavík, Ívar Pétur Hannesson, lögreglufulltrúi rannsóknarlögreglu, Otrateigi 48, Reykjavík, Njörður Snæhólm, yfirlögregluþjónn rannsóknarlögreglu, Mánabraut 13, Kópavogi, Ragnar Vignir, aðstoðaryfirlögregluþjónn rannsóknarlögreglu, Giljalandi 4, Reykjavík, Rúdólf Axelsson lögregluvarðstjóri, Hellulandi 11, Reykjavík, Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður, Yrsufelli 40, Reykjavík, Steinn Jakob Ólason lögregluþjónn, Hraunbæ 66, Reykjavík, og Svanur Elisson lögregluþjónn, Lundarbrekku 2, Kópavogi, komu fyrir dóm og staðfestu lögreglugögn sín í málinu.

Hannes Pétursson, yfirlæknir geðdeildar Borgarspítala, kannaði andlega heilbrigði ákærðs Williams James. Í skýrslu yfirlæknisins um rannsókn segir meðal annars: „Þrátt fyrir það að William kveðst hafa verið hamingjusamur sem barn, mun hann hafa verið fremur einrænn og átti fáa nána vini. Honum hætti stundum til þess að eyða tímanum í dagdrauma, var strítt í skólanum, áhrifagjarn og stundum dálítið spennur. Fjölskylda hans mun vera kaþólsk og hann alinn upp við nokkurn aga og hefur alla tíð borið óttablandna virðingu fyrir föður sínum. Í upphafi unglingsára fór að bera á minniháttar atferlistruflunum.

Fjölskylda Williams fluttist oft búferlum vegna atvinnuleitar föðursins og skólaganga Williams í Bandaríkjunum varð slitrótt, og hann náði fremur lélegum námsárangri. Hafði meiri áhuga á fótbolta, mótörhjólum og hnefaleik og dreymdi gjarnan um það að verða leikari, lögreglumaður eða meðlimur í sérsveitum bandaríska landgönguliðsins.

Að skólanámi loknu hefur William stundað nokkra atvinnu, þó stopult. Hefur yfirleitt unnið í veitingahúsum, en eftir komu hingað til lands hefur hann unnið um skamman tíma hjá Eimskip, í Glæsibæ, sem dyravörður í veitingahúsi og í Veitingahöllinni. Hættir oftast vinnu vegna þess að honum hefur leiðst, eða líkar ekki við yfirmann, „labba bara út, en segi aldrei að ég sé hættur“. Kveðst lengst hafa verið samfelld við atvinnu í tvö ár. William flutti með fjölskyldu sinni hingað til lands sumarið 1982, en hefur gengið mjög illa að festa hér rætur, meðal annars í atvinnu, „hef aldrei staðið á eigin fótum“.

Síðastliðið eitt og hálf ár mun William hafa fundið fyrir vaxandi leiðindum, kvíða og jafnvel þunglyndi. Fjölskylda hans mun hafa átt í verulegum fjárhagsörðugleikum, þar eð viðskipti föðursins gengu ekki eins og til var ætlast. Sömuleiðis mun tilvonandi tengdamóðir hans einnig hafa verið í fjárhagsvanda. Á þessum tíma sótti William tvívegis um það að komast að í lögreglunni í Reykjavík og bauðst einu sinni til þess að vinna fyrir fíkniefnadeild lögreglunnar við „undercover“ störf. Trúði jafnvel unnustu sinni fyrir því að hann væri kominn í starf fyrir fíkniefnalögregluna og þóttist fara til vinnu á morgnana, því „allt sem ég heyrði voru peningakvartanir“. William mun ætíð hafa reynt að sýnast betri og meiri en hann er, sérstaklega við systkini sín, „alltaf viljað verða eitthvað sérstakt í augum foreldra minna“.

Ályktunarorð skýrslunnar eru svofelld: „Að mínu áliti er William James Scobie ekki haldinn formlegri geðveiki, meiriháttar taugaveiklun eða greindarskort. Hins vegar tel ég, að William sýni merki um vægar persónuleikatrufnanir, sem meðal annars hafi komið fram í atferlistruflunum á unglingsárum og síðar rötleysi og lélegri skóla- og atvinnusókn. Ennfremur hefur örðlað á skapgerðarþrestum, einkum eftir að William fór að neyta

sterkra áfengra drykkja, og hefur hann tvívegis áður lent í útistöðum við lögin hér á landi. Ef til vill má rekja hluta þessara persónuleikatrufana til lélegra uppeldisskilyrða í bernsku og á unglingsárum.

Svo virðist sem tilfinningalíf Williams sé yfirborðskennt, sjálfmiðað og fremur illa þroskað, og enn fremur að hann hafi átt við talsverða aðlögunar-erfiðleika að etja, þannig að meira hafi borið á framangreindum vandamálum eftir komu hans hingað til lands sumarið 1982. Með hliðsjón af þessu er hugsanlegt, að fremur barnalegar og draumórakenndar hvatir kunni að hafa haft áhrif á aðdragandann að því atviki, sem William er kærður fyrir. Þrátt fyrir þetta tel ég, að raunveruleikamat og dómgreind Williams James Scobie sé innan eðlilegra marka og hann teljist því fyllilega sakhæfur.“

Vitnið Hannes Pétursson yfirlæknir, Kjarrvegi 2, Reykjavík, staðfesti skýrslu sína fyrir dómi. Vitnið taldi ákærðan William James ekki hættulegan ofbeldismann, en háttsemi sú, sem hann væri sakaður um, yrði ekki rakin til formlegrar geðveiki, enda hafi ekki verið að finna hjá honum geðveiki á því stigi, að það hafi truflað raunveruleikamat hans.

Vitnið Sigurgísli Skúlason sálfræðingur, Álftamýri 34, Reykjavík, lagði sálfræðipróf fyrir ákærðan William James. Ályktun vitnisins, sem það staðfesti fyrir dómi, er þannig: „Samkvæmt þessum niðurstöðum, þá virðist Scobie vera bráðlyndur og hvatvís. Hann þolir illa hömlur, þ.e.a.s. reiðist við minnstu áreitni eða mótlæti. Tengsl eða sambönd við annað fólk eru oft yfirborðsleg. Áhugi á því sem hann tekur sér fyrir hendur getur verið mikill en oftast skammvinnur. Ego styrkur eða persónustyrkur er hár, þ.e.a.s. sjálfsmat er hátt. Þunglyndi og sektarkennd virðast ekki vera fyrir hendi. Engin taugaveiklun.

Samkvæmt niðurstöðum MMPI prófsins telst því Scobie hvorki haldinn taugaveiklun né geðveiki.“

Að kröfu Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda ákærðs Williams James, komu fyrir dóm sem vitni Bryndís Margrét Friðþjófsdóttir verslunarmaður, Unufelli 20, Reykjavík, Friðfinnur Friðfinnsson fangavörður, Leitargróf 15, Reykjavík, Guðmundur Ingólfur Gestsson verslunarmaður, Fjölnisvegi 6, Reykjavík, Páll Briem Magnússon húsasmiður, Lundarbrekku 10, Kópavogi, Ragnar Magnús Hauksson fangavörður, Fífuseli 12, Reykjavík, Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður, Yrsufelli 40, Reykjavík, Sverrir Wilhelm Bernhöft framkvæmdastjóri, Safamýri 67, Reykjavík, Sæmundur Pálsson lögregluvarðstjóri, Sörlaskjólí 46, Reykjavík, og Þórunn Kristinsdóttir kennari, Stelkshólum 12, Reykjavík. Vitnin lýstu góðum kynnum sínum af ákærðum William James, en vætti þeirra verða ekki rakin frekar, þar sem þau fjalla ekki beinlínis um atvik máls þessa.

Með skýlausri játningu ákærðs Williams James, eigin framburði ákærðs Ingvars Heiðars og með hliðsjón af öðrum þeim gögnum, sem rakin hafa verið hér að framan, verður talið sannað, að þeir hafi sammælt um að svipta, með hótunum og ofríki Örn Reyni Pétursson umráðum leigubífreiddarinnar R-320 greint sinn og nota hana síðan til aksturs í eigin þágu. Varðar háttsemi þeirra við 233. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956. Eins og ákæru er háttað, verður gætt 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga að því er ákærðan Ingvar Heiðar varðar.

Á sama hátt verður og talið, að lögfull sönnun sé fram komin fyrir því, að ákærðir William James og Ingvar Heiðar hafi sammælt um að slá nefndan dag með ofríki og í auðgunarskyni eign sinni á krónur 1.839.134, svo sem að framan er lýst. Varðar þessi háttsemi þeirra við 252. gr. almennra hegningarlaga.

Með eigin játningu ákærðs Griffith David, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi aðstoðað við geymslu fyrrnefnds fjár og keypt gjaldeyri fyrir hluta þess, enda þótt honum væri kunnugt um, á hvern hátt peninganna var aflað. Hins vegar verður ekki talið sannað, að hann hafi vísitandi tekið þátt í að flytja hluta fjárhæðarinnar til Hafnarfjarðar. Brot ákærðs Griffith David varðar við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærður William James var hinn 30. desember 1983 dæmdur til að sæta skilorðsbundnu varðhaldi í 2 mánuði fyrir brot gegn 233. og 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1981. Hann hefur rofið skilorð dómsins, og kemur sakarefnið því að nýju til úrlausnar í máli þessu. Að öðru leyti hefur ákærður William James ekki áður gerst sekur um refsiverða hegðun.

Ákærður William James notaði skotvopn við framningu brots og skaut af ásettu ráði á bifreið, sem maður sat í. Honum var fulljóst, að verulegir fjármunir voru í húfi. Hann hafði vandlega undirbúið verk sitt og fengið annan mann til liðsinnis við sig. Samkvæmt 1., 3. og 6. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga verður höfð hliðsjón af atridum þessum við ákvörðun refsingar hans. Með vísan til þessa og annarra þeirra atrida, sem rakin hafa verið hér að framan, telst refsing ákærðs Williams James hæfilega ákveðin fangelsi 5 ár. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber að draga frá refsingu þessari gæsluvarðhald hans frá 25. febrúar 1984 með fullri dagatölu.

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærður Ingvar Heiðar hvorki sætt kærnum né refsingu. Hann sammæltist öðrum um töku mikilla fjárverðmæta og vissi, að byssu skyldi nota við framkvæmd verks. Við ákvörðun refsingar hans verður því höfð hliðsjón af 1. og 3. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Á hinn bóginn verður til þess litið, að hann

hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi og að fullu endurgreitt fjárhagslegan hagnað sinn af brotinu, sbr. 8. tl. 1. mgr. 74. gr. sömu laga. Með vísan til þessa og annarra þeirra atvika, sem rakin hafa verið hér að framan, telst refsing ákærðs Ingvars Heiðars hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuðir. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber frá þeirri refsingu að draga gæsluvarðhald hans frá 27. febrúar til 28. mars 1984 með fullri dagatölu.

Samkvæmt sakaskrá íslenska ríkisins hefur ákærður Griffith David ekki áður gerst sekur við refsilög, þannig að áhrif hafi á ákvörðun refsingar hans í máli þessu. Með hliðsjón af því og nánnum skyldleika hans og ákærðs Williams James telst refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuðir, en af sömu sökum þykir mega ákvarða, að fullnustu refsingar hans skuli fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955. Komi refsing til framkvæmdar, skal samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, frá henni draga gæsluvarðhald hans frá 25. febrúar til 1. mars 1984 með fullri dagatölu.

Af hálfu Áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins, Borgartúni 7, Reykjavík, hefur þess verið krafist, að ákærðir verði allir dæmdir til að greiða fyrirtækinu krónur 252.366 ásamt vöxtum frá brotadegi, en af reiðufé komust ekki til skila krónur 179.554, og ávisanir að fjárhæð krónur 72.812 fengust ekki endurgreiddar. Eftir að krafa þessi var borin fram, hefur ákærður Ingvar Heiðar greitt hinn 9. maí 1984 krónur 10.000 og hinn 24. sama mánaðar krónur 56.718,50. Af kröfunni standa því eftir krónur 185.647,50, og verða ákærðir, sem ekki hafa véfengt kröfuna tölulega, dæmdir til að greiða hana með dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, af krónum 252.366 frá 17. febrúar til 9. maí 1984, af krónum 242.366 frá þeim degi til 24. maí 1984 og af krónum 185.647,50 frá þeim degi til greiðsludags.

Sama fyrirtæki hefur einnig krafist þess, að ákærðir verði allir dæmdir til að greiða því krónur 7.133 vegna skemmda og afnotamissis bifreiðarinnar R-50393, en fram kom í málinu, að fyrirtækið hafði gildið eigandanum þá fjárhæð. Eins og atvikum málsins er háttað, verður ákærður Griffith David sýknaður af skaðabótakröfu þessari, en ákærðir William James og Ingvar Heiðar dæmdir til að greiða hana in solidum. Vaxta var ekki krafist.

Dæma ber ákærðan William James til að greiða réttargæslu- og málsvarnarlaun Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 60.000, ákærðan Ingvar Heiðar til að greiða réttargæslu- og málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 40.000, og ákærðan Griffith David til að greiða réttargæslu og málsvarnarlaun Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 18.000.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, krónur 40.000, en málið flutti af hálfu ákærvalds Jónatan Sveinsson saksóknari ríkisins, ber að dæma ákærðan William James til að greiða að 3/6 hlutum, ákærðan Ingvar Heiðar að 2/6 hlutum og ákærðan Griffith David að 1/6 hlut.

D ó m s o r ð:

Ákærður William James Scobie sæti fangelsi 5 ár, en frá þeirri refsingu skal draga gæsluvarðhald hans frá 25. febrúar 1984 með fullri dagatölu.

Ákærður Ingvar Heiðar Þórðarson sæti fangelsi 18 mánuði, en frá þeirri refsingu skal draga gæsluvarðhald hans frá 27. febrúar til 28. mars 1984 með fullri dagatölu.

Ákærður Griffith David Scobie sæti fangelsi 6 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955. Komi refsing til framkvæmdar, skal frá henni draga gæsluvarðhald hans frá 25. febrúar til 1. mars 1984 með fullri dagatölu.

Ákærður William James greiði Vesturröst h.f., Laugavegi 178, Reykjavík, krónur 26.443,55, og Erni Reyni Péturssyni, Kambarsvegi 1, Reykjavík, krónur 6.825,00.

Ákærðir allir greiði in solidum Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Borgartúni 7, Reykjavík, krónur 185.647,50, og að auki dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, af krónum 252.366,00 frá 17. febrúar 1984 til 9. maí 1984, af krónum 242.366,00 frá þeim degi til 24. maí 1984 og af krónum 185.647,50 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðir William James og Ingvar Heiðar greiði in solidum Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins krónur 7.133,00.

Ákærður William James greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 60.000,00.

Ákærður Ingvar Heiðar greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 40.000,00.

Ákærður Griffith David greiði réttargæslu- og málsvarnar-

laun Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 18.000,00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, krónur 40.000,00, greiði ákærður William James að 3/6 hlutum, ákærður Ingvar Heiðar að 2/6 hlutum og ákærður Griffith David að 1/6 hlut.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. febrúar 1985.

Nr. 155/1983. **Almennar Tryggingar h/f**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Félagsstofnun stúdenta

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Lögbann. Verktrygging. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1983. Upphaflega gerði áfrýjandi þær dómkröfur, að hann yrði sýknaður að svo stöddu og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti 13. þ.m. breytti hann kröfugerð sinni á þá lund, að hann krafðist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en málskostnaðarákvæðis hans. Þá krafðist hann málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti.

Breyting þessi á kröfugerð áfrýjanda stafar af dómi Hæstaréttar 12. þ.m. í málinu nr. 146/1983: Þrotabú Byggingafélagsins Reynis h/f gegn Almennum Tryggingum h/f og Félagsstofnun stúdenta.